



**Nóvena**  
 til heiðurs  
**heilögum Þorláki**

Imprimatur:  
+ Davíð B. Tencer OFMCap.  
Reykjavíkurbiskup

Reykjavík  
12. júlí 2018

## heilögum Þorláki, verndardýrtingi Íslands

Á hverjum degi er farið með eftirfarandi bænir:

Himneski Faðir, vér þökkum þér fyrir heilagt líf og fordæmi heilags Þorláks. Ungur að aldri fylltist hann löngun til að afla sér vísu, og fann hana í þér, í sálmum og versum Heilagrar ritningar, í dyggðugum fyrirmælum prestanna sem fóstruðu hann og í dásamlegum náttúruundrum heimalands síns.

Hann hlaut prestsvígslu átján ára að aldri og eftir það einbeitti hann sér að því allt sitt líf að seðja andlegt og líkamlegt hungur landa sinna. Kyrrlát samúð hans með hinum fátæku og þjáðu varð til þess að hann bað fyrir þeim langar stundir. Hann auðsýndi bændum og iðrandi mönnum sömu virðingu og hann sýndi höfðingjum og konungum. Megi heilagur Þorlákur hjálpa oss til þess að lifa og sýna kærleika samkvæmt vilja þínum. Amen.

Heilagi Þorlákur, hæglátur, hógvær og hjartahreinn,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, lærimeistari viskunnar,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, mildi sálahirðir,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, miskunnsami skriftafaðir,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, málsvari fjölskyldna og heilags hjónabands,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, verjandi kaþólskra lífshátta allra stétta,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, föðurlegi árnaðarmaður,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, sannur fulltrúi Krists,	bið þú fyrir oss.
Heilagi Þorlákur, tryggur verndardýrtingur Íslands,	bið þú fyrir oss.

Himneski Faðir, vér biðjum að allir þeir sem á Íslandi búa sameinist í Kristi undir vernd þíns helga þjóns, heilags Þorláks. Megi allir njóta óendanlegs kærleika þíns og miskunnar, og fagna í návist þinni. Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

**Faðir vor**, þú, sem ert á himnum, helgist þitt nafn, komi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni.

Gef oss í dag vort daglegt brauð, og fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum og eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu. Amen.

**Heil sért þú María**, full náðar. Drottinn er með þér; blessuð ert þú meðal kvenna og blessaður er ávöxtur lífs þíns, Jesús.

Heilaga María, Guðsmóðir, bið þú fyrir oss syndugum mönnum, nú og á dauðastundu vorri. Amen.

**Dýrð sé Föðurnum** og Syninum og hinum Heilaga Anda, svo sem var í öndverðu, er enn, og verður ávallt og um aldir alda. Amen.

*Heilögum Þorláki var svo lýst að hann var frá unga aldri stilltur, athugasamur og djúphugull. Þetta íhugunareðli sitt varðveitti hann er hann þroskaðist. Sögulegar heimildir segja að hann hafi verið stirðmæltur og átt óhægt um mál. Samt var hann áhrifamikill ræðumaður og sagður gætinn, blíður, vitur, jafnlyndur og kærleiksríkur í öllum orðum sínum.*

*Hógværð var ríkur þáttur í lífi heilags Þorláks. Foreldrar hans brugðu búi og fjölskyldan var leyst upp sakir erfiðleika og skorts á bjargræði. Þótt hann byggði við fátækt var hann svo námgjarn að móðir hans kom honum til náms í Odda, hinu kunna menntasetri sem laut stjórn presta. Þorlákur tók miklum framförum í námi sínu, var vígður djákni aðeins fimmtán ára að aldri og prestsvígslu hlaut hann átján ára gamall. Hann naut þeirra forréttinda að mega ferðast til Frakklands og Bretlands til að auka við menntun sína, og ekki var víst að hann sæi hið hrjóstruga föðurland sitt aftur. Öllum til undrunar sneri hann heim glaður í bragði sex árum síðar og tók aftur upp hirðisþjónustu sína í kirkjunni í heimahéraði sínu, og annaðist síðan ástsamlega móður sína og systur.*

*Jafnvel eftir að heilagur Þorlákur var orðinn ábóti og síðar biskup, var hann hógvær og lítillátur. Hann elskaði fátæka af öllu hjarta og lét oft leynilega kalla þá til sín, bauð þeim að borða, þvoði fætur þeirra og veitti þeim síðan nokkra ölmusu áður en þeir fóru brott.*

*Nærri allir þeir sem um heilagan Þorlák ræddu meðan hann var enn lífs, gátu um hreinleika hjarta hans, enda spratt hann af mikilli hógværð hans. Þeir prestar, biskupar – og jafnvel konungar – sem voru honum samtíða, minntust allir lítillætis hans, dyggða, hreinleika og ráðvendni.*

Fyrsti dagur

## **Heilagur Þorlákur, hljóðlátur, hógvær og hjartahreinn**

Lokabæn:

Guð Faðir, þegar heilagleiki og hógværð virðast fjarri oss, mættum vér fyrir fordæmi heilags Þorláks öðlast þessar dyggðir einfaldlega með því að elska þig eins og vér erum, þar sem vér erum og í því sem vér gerum. Mættum vér vaxa kyrrlátlega eins og heilagur Þorlákur, sjá og reyna návist þína á þessu andartaki, og í samferðamönnum vorum.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Heilagur Þorlákur gleymdi aldrei hjálp Eyjólfis, sonar Sæmundar fróða, og minntist fræðslu hans hvenær sem hann hlaut lof. Og sjálfur uppfræddi Þorlákur marga menn. Þegar hann aflaði sér aukinnar menntunar gerði hann með það í huga að miðla henni áfram til landsmanna sinna. Hann sat jafnan að lestri og hvatti aðra til hins sama. Og það sem hann ritaði var öðrum til nytsemdar. Heilagur Þorlákur var sagður sækjast eftir samvistum við góða menn og siðláta til þess að læra af líferni þeirra og miðla því síðan áfram til þeirra sem voru í umsjá hans. Hann taldi alla visku vera Guðs gjöf ... og hann var gjarn á að deila henni með öllum þeim sem hann kunnir.*

*Sjálfur veitti heilagur Þorlákur mörgum mönnum fræðslu í guðfræði og um trúna, þeirra á meðal frænda sínum, Páli, sem tók við embætti biskups af honum í Skálholti. Hann kenndi prestum þjónustugerð oflega og reyndi af megni að iðka sjálfur þá lífshætti sem hann boðaði.*

Annar dagur

## Heilagur Þorlákur, lærimeistari viskunnar

Lokabæn:

Himneski Faðir, uppspretta visku og þekkingar, þú kenndir oss fyrir Son þinn, Jesú Krist, að vér ættum að vera ljós heimsins, svo að aðrir mættu sjá gjörðir vorar og gefa þér dýrðina. Þú gafst mildur visku þína þjóni þínum, heilögum Þorláki, sem gladdist yfir því að veita ljósi þínu öllum sem á vegi hans urðu. Veit oss þá náð að gefa öðrum hlutdeild í visku þinni fyrir fræðslu og fyrirdæmi.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Í Þorláks sögu helga eru mörg orð notuð til að lýsa leiðsögn hans meðal landa sinna. Hann „vandaði, forboðaði, ávítaði, kenndi, hirti og áminnti.“ Margir sagnfræðingar segja heilagan Þorlák hafa verið þrjóskan endurbótamann sem þoldi engin frávik frá reglum kirkjunnar og barðist við þekkta höfðingja vegna siðferðilegra álitamála og um yfirráð á eignum kirkjunnar. En könnun á orðanotkun úr sögu hans dregur upp aðra mynd. Hann kenndi „ástsamlega og ágætlega, sætti reiða, hann var blíðlegur og heilráður, líknaði og huggaði.“ Tvö orð, sem oft eru notuð og lýsa honum vel, eru þessi: Hann var „miskunnsamur og mjúklyndur“. Slíkt bendir naumast til þess að hann hafi verið þrjóskur harðstjóri.*

*Heilagur Þorlákur var sannarlega endurbótamaður. Klerkastéttin á Íslandi á hans tíma gekk á svig við ýmsar siðferðisreglur. Heilagur Þorlákur vann að því hörðum höndum að fræða menn með blíðu og kærleika um rökin að baki reglum kirkjunnar. Hann tók alvarlega stöðu sína sem prestur (og síðar biskup), varaði við syndinni og leiddi fólk frá venjum sem voru skaðlegar sálarheill þeirra. Hann trúði því að prestar ættu að þjóna fólkinu og því hikaði hann ekki við að segja sannleikann – en samt bar hann fram áminningar sínar þannig að hann „líknaði þeim linlega og með léttum skriftum,“ eins og segir í sögu hans.*



Þriðji dagur

## Heilagur Þorlákur, mildi sálahirðir

Lokabæn:

Almáttugi Faðir, heilagur Þorlákur gætti þess mjög að leiða aðra menn á þinn fund með mildi og miskunn. Hann vildi að allir menn lifðu í sátt samkvæmt fyrirætlan þinni, og að þar sem tveir eða fleiri safnast saman í trú verðir þú nærverandi. Megi prestar kirkju þinnar fylgja fordæmi heilags Þorláks í þrautseigju sinni, þolinmæði og sókn eftir eindrægni. Hjálpa oss að greina rödd þína í máli presta þinna og að vér setjum oss eigi upp á móti þeim sem yfir oss eru settir, með því að efna til ágreinings við kirkju þína og kenningar hennar.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

Áður en heilagur Þorlákur var vígður ábóti var hann sóknarprestur í Kirkjubæ í sex ár. Þar tók hann, ásamt aðstoðarpresti sínum, „nálega allan vanda að bera fyrir því fólki öllu er þau héruð byggðu er þeim voru nálæg.“ Með öðrum orðum, heilagur Þorlákur og félagi hans hlýddu skriftum og unnu síðan sjálfir flest yfirbótarverk fólksins, sakir miskunnsemi og til þess að hinn iðrandi lýður gæti með gleði kynnst frelsi fyrirgefningarinnar. Þorlákur hélt þeirri iðju áfram, jafnvel efir að hann varð biskup, og lá margar nætur á bæn og fastaði, einkum fyrir endurlausn lýðs síns.

Heilagur Þorlákur þráði sannarlega miskunn og sátt, en ekki bannfæringu, í samskiptum lýðs og kirkju. Þegar heilsu hans fór að hraka sendi hann orðsendingu frá sjúkrabeði sínum og fyrirgaf mörgum, sem hann hafði bannfært, „þeim til líknar“. Sem biskup vildi hann ekki sjá sálum útskúfað án þess að reyna sættir. Þrátt fyrir að biskupi væri þungt um mál sagði hann að öll sín fyrri ummæli um þetta málefni skyldu standa, þótt viðkomandi hafi þótt hann fara offari í fyrra sinnið. Jafnvel eftir dauða sinn leiddi Þorlákur hina iðrandi til réttra háttá. Í einu tilviki læknaði hann ógifta móður og nýfætt barn hennar, en veitti henni þó áður fræðslu um viðeigandi samskipti kynjanna.

Heilagur Þorlákur sýndi miskunnsemi í öllu sem hann tók sér fyrir hendur og kenndi: Miskunnsemi fyrirgefningarinnar, miskunnsemi sáttanna og þá miskunn sem við getum auðsýnt hvert öðru. Því að þegar allt kemur til alls, þá er það markmið miskunnseminnar að leiða aðra fagnandi aftur til Guðs.

Fjórði dagur

## **Heilagur Þorlákur, miskunnsami skriftafaðir**

Lokabæn:

Guð allrar miskunnar, megi viðleitni vor til að fyrirgefa og gleyma upphefjast sem yfirbótaverk sem hjálpi til fyrirgefningar syna annarra og færi þá nær þér. Hjálpa þú oss með fyrirbæn heilags Þorláks að þrá miskunn til handa náunga vorum og samstarfsfólki, einkum þeim sem gera á hlut vorn.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Af augljósum ástæðum beindi heilagur Þorlákur kröftum sinum að því að hemja ósiðleg samskipti milli karla og kvenna. Ein af þeim var auðvitað sú að hann var fulltrúi kirkjunnar, en kenningar hennar voru ekki viðurkenndar almennt þegar kom að hreinlífi. Lauslæti var hið siðferðilega viðmið; kvæntir höfðingjar fóru sjaldnast í felur með frillur sínar. Klerkar fóru einnig á svig við reglur kirkjunnar um skírlífi. Þá var heilagur Þorlákur kanúki í reglu heilags Ágústínusar, en það merkti að hann hafði viljandi gengist undir skírlífisheit og hófsemi á öllum sviðum, svo að öllum bar að forðast jafnvel það eitt að horfa á aðila af gagnstæðu kyni, því að slíkt gæti vakið upp freistingar.*

*Framar öllu öðru trúði heilagur Þorlákur því sjálfur, að samskipti karla og kvenna væru heilög Guðs gjöf sem nota skyldi honum einum til dýrðar. Honum þótti það mjög miður að það „eftirlæti sem hann hefur mest veitt mönnum“ skyldi vera svo „herfileg hneist og ranglega raskað“ með girndum og lauslæti. Heilagur Þorlákur vissi vel um gildi óraskaðs lífs fjölskyldunnar, enda höfðu foreldrar hans neyðst til að leysa fjölskyldu hans upp þegar þau gátu ekki lengur séð sjálfum sér og börnunum farborða. Þeir sem ekki létu af syndum holdsins þurftu yfirleitt að greiða fésektir sér til yfirbótar. Þetta fé gekk þó ekki í sjóði kirkjunnar heldur var því dreift til fátækra og dyggðugra hjóna og barnmargra, sem héldu fast við hjúskaparheit sín. Þannig létti Þorlákur byrðar fjölskyldna sem áttu í erfiðleikum svo að þeim varð auðveldara að halda hópinn – og með þessu móti öðluðust yfirbótarverk persónulega merkingu í augum þeirra sem endurtekið drýgðu synd gegn heilögu hjónabandi.*

Fimmti dagur

## Heilagur Þorlákur, málsvari fjölskyldna og heilags hjónabands

Lokabæn:

Himneski Faðir, þú veittir heilögum Þorláki miskunnsaman skilning á hjónabandinu og sálarþrek til að verja þetta sakramenti og stuðla um leið að samheldni fjölskyldunnar. Mættum vér vera jafn hugrökk og heilagur Þorlákur við að hjálpa körlum og konum að virða hvert annað og ala upp börn sín í heilögu hjónabandi.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Heilagur Þorlákur lifði á miklum umbrotatímum. Hann ólst upp í landi þar sem bjuggu fátækir bændur og sjófarendur, sem oft urðu fyrir bardinu á hryssingslegu veðurfari og erfiðleikum við að afla lífsviðurværis. Fjölskylda hans sjálfs var í góðum efnum og vel metin en varð fjár vant þegar kaupskapur minnkaði. Hann var því alfátækur þegar hann var sendur til prestnáms. Hann var að miklu leyti sjálflærður áður en hann öðlaðist frekari menntun á góðu menntasetri og fékk svo að læra erlendis. En hann sneri aftur heim. Hann varð djákni, svo prestur og útlærður guðfræðingur og lögfræðingur í kirkjurétti. Hann gerðist kanúki í reglu heilags Ágústínusar, vígðist svo til ábóta og loks til biskups. Í hverju starfi breytti heilagur Þorlákur sem endranær, í fullri hlýðni við Guð. Í sögu hans segir að hann lét „til sín að fyrirboði koma með ráðinni staðfestu alla mannkosti þá er vígslunum áttu til að heyra.“*

*Heilagur Þorlákur lét sér fátt um tign sína og hann vissi að því hærra sem menn risu því sterkari væri skyldan til að lifa heiðvirðu lífi. Einkum taldi hann að á þeim sem gegndu opinberum embættum hvíldi ríkasta skyldan til að gefa gott fordæmi með líferni sínu. Eitt var það sem Þorláki þótti miður en það var að sitja á Alþingi, því að honum þóttu margir höfðingjar þar fylgja málum sínum fram af offorsi. Á sama hátt var hann þess fullviss að það væri „miklu meira niðurfall Guðs kristni ef göfgum mönnum gáfust stórir hlutir yfir“, þ.e. ef þeir brutu alvarlega af sér.*

*Í hjörð heilags Þorláks var fólk af öllum stigum: Bændur, hjón, ógift fólk, frægir leiðtogar, munkar og prestar. Hann mat þá alla jafnt, sem bræður og systur í Kristi, og vænti einskis annars af þeim.*

Sjötti dagur

## **Heilagur Þorlákur, verjandi kapólskra lífshátta allra stétta**

Lokabæn:

Almáttugi Guð, stundum setjum vér oss breytileg viðmið í samræmi við breyttar aðstæður í lífinu. Hjálpa þú oss að sjá, eins og heilagur Þorlákur gerði, að vér fylgjum öll hinni sömu köllun: Að elska Drottin Guð vorn af öllu hjarta, af allri sálu og öllum huga vorum og mætti; og að elska náungann eins og oss sjálf.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Í þjónustu sinni var heilögum Þorláki mjög umhugað um efnislegar, líkamlegar og andlegar þarfir hjarðar sinnar. Af þeim lagði hann mesta áherslu á þarfir andans og bað upphátt fyrir þeim sem það vildu og fræddi þá um það hvernig þeir gætu styrkt samband sitt við Guð. Orð hans voru ákveðin en kærleiksrík og veittu vernd þeim sálum sem til hans sóttu. Hann leitaðist við að veita ráðgjöf en ekki að fordæma.*

*Heilagur Þorlákur var einnig meðalgöngumaður ... milli deiluaðila heima í héraði og einnig milli Guðs og manna. Sagt var að heilagur Þorlákur hefði sætt marga sem áttu í veraldlegum deilum innbyrðis. Hann gaf sér þá góðan tíma til að leita jafnvægis og hins sanna uns því markmiði var náð. Þegar persónuleg breytni var annars vegar setti heilagur Þorlákur syndurum strangar siðferðisreglur. Það gerði hann til þess að sýna mönnum hvernig ber að stefna að heilagleika en ekki til að öðlast vald yfir þeim. Hann vissi að reglurnar einar nægðu ekki til að breyta hug og hjarta og því setti hann þeim hörð yfirbótarverk sem ekki breyttu samkvæmt siðferðislögmálum – og vann þau síðan ósjaldan sjálfur fyrir þá. Með þessum lifandi miskunnarverkum sínum leitaðist hann við að lækna andleg sár syndarinnar.*

*Meðan Þorlákur var enn á lífi urðu mörg kraftaverk sakir fyrirbæna hans, fólk læknaðist, stormar kyrrðust og eldar slokknuðu í húsum. Á dánarbeði hans grátbað hann einn presta hans og sagði: „Vér biðjum, herra, þó að þér skiljið nú að líkamlegri návist sýnilega við oss, sé þér oss andlegur faðir, árnandi miskunnar við almáttkan Guð, því að vér trúum því fastlega að þér munið í andlegu lífi hafa með Guði eigi minna vald en nú.“ Þorlákur samþykkti þegjandi og gerðist þar með til frambúðar andlegur faðir þjóðar sinnar.*

*Reyndar fór svo, að eftir dauða heilags Þorláks fóru að berast fregnir um jarteinir hans af öllu landinu og frá Norðurlöndum. Oft birtist hann í draumi þeim sem sóttu til hans, hughreysti þá og gaf þeim sjálfur ráð, rétt eins og hann hafði gert í lifanda lífi. Þeir sem nutu kraftaverka hans voru hvattir til að biðja og gefa fátækum ölmusu, eða fé til kirkjunnar í landinu, og lofa um leið að tengja líf sitt betur við Guð og kirkjuna.*



Sjöundi dagur

## Heilagur Þorlákur, föðurlegi árnaðarmaður

Lokabæn:

Faðir vor á himnum, vér lofum þig fyrir trúfesti þjóns þíns, heilags Þorláks, en mikil ást hans á þér færði fólk af öllum stigum dýpri skilning og viðurkenningu á trú þeirra. Hvort sem þeir voru fátækir eða ríkir, heilbrigðir eða sjúkir, ungir eða aldnir, þá urðu þeir sem hittu heilagan Þorlák persónulega snortnir og upphafnir af þrá hans til að deila fjársjóðum þínum með þeim.

Megi heilagur Þorlákur sjá persónulegar þarfir vorar (*einkum* \_\_\_\_\_) og bregðast við með samúð, hjálp og leiðbeiningum. Megi skynsamleg ráðgjöf hans leiða oss til þeirrar lækningar og endurnýjunar sem vér þörfumst mest.

Í andlegri einingu við heilagan Þorlák biðjum vér fyrir öllum sem leita árnaðarbæna hans, einkum fyrir íslensku þjóðinni.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Heilagur Þorlákur var oft í hlutverki meðalgöngumanns, milli veraldlegra deiluaðila, milli höfðingja og kirkju og milli iðrandi syndara og Guðs. Segja má að hann hafi verið sendifulltrúi í þessum tilvikum, því að í hverju tilviki kom hann fram sem erindreki Jesú Krists og ríkis hans. Þorlákur kann að hafa verið kyrrlátur og hógvær, en hann hopaði hvergi í skyldustörfum sínum fyrir Krist gagnvart höfðingjum, erkibiskupum og konungum ..., og enn síður gagnvart almúgafólki.*

*Heilagur Þorlákur var ekki ókunnugur pólitískum væringum. Þegar hann hafði verið kjörinn biskup í Skálholti, tók hann réttilega við embættinu af forvera sínum. Formlega vígslu gat þó aðeins erkibiskupinn í Þrándheimi framkvæmt, en sá þurfti aftur á móti að fá til þess konungsleyfi. Sakir ófriðar milli Noregs og Íslands var konungur tregur til að veita leyfið og hótaði jafnvel að fara með hernaði gegn Íslandi. Heilagur Þorlákur hélt staðfastlega fram erindi sínu og beiddist einskis annars en að lögmet kosning hans til biskups hlyti samþykki. Loks sigraði þessi kyrrláta þrautseigja hans og konungur lagði blessun sína yfir vígsluna.*

*Heilagur Þorlákur var meðalgöngumaður milli kirkjunnar og lýðs hennar. Hann var mikils metinn sem biskup en kaus þó fremur samneyti við almúgafólk. Hann setti sjálfum sér harðar reglur um föstur og meinlæti, en ef hann sótti veislur þar sem áfengi var veitt, dreypti hann stillilega á drykknum gestum til samlætis en aldrei sá þó á honum að hann hefði neytt áfengis. Annað dæmi um göfuglyndi heilags Þorláks varð opinbert við útför hans, en þá kom í ljós hann hafði mildilega annast líkþráan mann allt til dauða hans. Þannig kom heilagur Þorlákur biskup, hinn staðfasti fulltrúi Jesú, fram við alla sem á vegi hans urðu.*

Áttundi dagur

## **Heilagur Þorlákur, sannur fulltrúi Krists**

Lokabæn:

Himneski Faðir, hjálpa þú oss að minnast þess að vér sem kristnir menn erum kallaðir til að vera boðberar ríkis þíns meðal vina vorra, fjölskyldu og samfélags. Hjálpa þú oss að líkja eftir fordæmi heilags Þorláks og minnast ætíð hollustu vorrar sem fulltrúar þínir.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

*Hugleiðingar okkar um heilagan Þorlák væru ófullkomnar ef við minntumst ekki á opinberan titil hans sem verndardýrlings Íslands. Jafnvel yfirborðsleg skoðun á varðveittum heimildum um ævi hans og kraftaverk á 12. og 13. öld myndi fyllilega staðfesta þennan titil hans. Engar bænir nokkurs Íslendinga virtust vera of miklar eða of smávægilegar til þess að heilagur Þorlákur sinni þeim.*

*Við höfum áður getið þess að heilagur Þorlákur fékk tækifæri til þess að halda utan til að mennta sig, en sneri síðan heim af ást til fjölskyldu sinnar og vegna skyldurækni við föðurland sitt. Hann þekkti þarfir landsmanna, hvort sem þeir voru trúaðir eða ekki, og hann hafði stundað nám nógu lengi til að læra það sem hann vildi læra, svo að hann gæti snúið aftur heim og beitt nýfenginni visku sinni til hjálpar köllun sinni þar. Við vitum líka hvern kærleikshug hann bar til alþýðufólks um ævi sína og sannarlega einnig eftir að hann lést, eins og kraftaverk hans votta.*

*Þann 14. janúar árið 1984 staðfesti hl. Jóhannes Páll páfi II opinberlega stöðu heilags Þorláks sem verndardýrlings Íslands, þó að þessi nafnbót hafi þá lifað í hjörtum Íslendinga um nærri 800 ára skeið. Erfitt er að neita því að Þorlákur var heilagur maður og hefði verið það í hverju því landi sem hann hefði fæðst annars staðar. Svo fór að Guði þóknaðist að færa þessa dýrlegu sál þjóð sem var nógu hugrökk til að mæta örlögum sínum á fjarlægri eldfjallaeyju rétt sunnan við heimskautsbaug.*

*Við skulum nú sameinast heilögum Þorláki og biðja sérstaklega fyrir varðveislu kaþólskrar trúar á Íslandi. Kirkjubyggingarnar frá tíma hans eru löngu horfnar, en hin eina sanna kirkja dafnar enn á Íslandi ..., og rétt eins og verndardýrlingur hennar sendir hún kyrrlát og staðföst boð til allra Íslendinga um að koma og kynnast hinum lifandi Kristi í Guðslíkamahúsinu innan dyra.*

*Þakka þér, heilagur Þorlákur, fyrir starf þitt í þágu kirkjunnar, á Íslandi og um heim allan.*

Níundi dagur

## Heilagur Þorlákur, tryggur verndardýrlingur Íslands

Lokabæn:

Almáttugi Guð, send þú Anda þinn til allra þeirra sem á Íslandi búa. Leiddu þá í ljósi þínu. Fræddu þá með visku þinni. Lát þú þá ávallt minnast kærleika þíns. Veit þeim af gæsku þinni allt sem þeir þarfnast fyrir anda, hug og líkama. Megi Ísland öðlast miskunnsaman kærleika Jesú Krists og njóta verndar hinnar sælu Maríu meyjar, nú og um allar aldir.

Fyrir Krist, Drottin vorn. Amen.

Heilagi Þorlákur, bið þú fyrir Íslandi.

Heilagi Þorlákur, bið þú fyrir oss.





